



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Styrkþegi: Borgarholtsskóli við Mosaveg, 112 Reykjavík

Nafn verkefnis: Diplómanám í margmiðlun

Verkefnisstjóri: Ari Halldórsson

Númer samnings: 26. 2010-2011

Styrkár: 2010 – 2011

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

„Markmið verkefnisins er að þróa og prufukeyra diplómanám á 4. þrepi á lista- og fjölmiðlasviði Borgarholtsskóla í samvinnu við háskólastigið; innlenda háskóla, erlenda eða hvorttveggja. Byggt verði á níu ára reynslu við framkvæmd dreifnáms við skólann, þar sem fullorðnir nemendur hafa átt um tvo námskosti að velja samkvæmt námskrá framhaldsskóla; margmiðlunarhönnun annarsvegar og bókasafnstækni hinsvegar. Takmarkið var að þróa fullbúna námskrá ásamt ítarlegri uppbyggingu allra áfanga á vef (í námsumsjónarkerfinu Moodle) fyrir fyrra námsárið í því skyni að hefja tilraunakennslu haustið 2011 og meta í lokin árangur af framkvæmd kennslunnar að því námsári loknu með stöðluðum gæðaprófum (vor 2012).“

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Námskrárgerðin hófst með hópvinnu allra kennara á lista- og fjölmiðlasviði Borgarholtsskóla haustið 2010 þar sem leitað var eftir hugmyndum um væntanlegt nám. Kennurum var skipt var í fjóra hópa og fjallaði hver hópur um eitt eftirtalinna sviða: a) myndlist / hönnun b) umbrot / myndlýsing c) kvikmyndun / hljóðmiðlun d) upplýsing / gagnaveita. Skipuð var fjögurra manna nefnd til að vinna úr tillögum hópanna og samræma hæfniviðmiðum ráðuneytisins. Í henni sátu Ari Halldórsson verkefnisstjóri, Hlynur Helgason, Kristján Ari Arason og Hafðís Ólafsdóttir. Nefndin skilaði fullbúinni tillögu að námskrá til mennta- og menningarmálaráðuneytis þann 10. apríl 2011 (sjá viðhengi). Ráðuneytið gaf í kjölfarið, með bréfi dagsettu þann 21. maí 2012, út leyfi til að tilraunakenna 72 eininga diplómanám í margmiðlun með námslok á 4. þrepi með ákveðnum skilyrðum og að undangenginni umsögn starfsgreinaráðs upplýsinga- og fjölmiðlagreina sem ekki gerði athugasemdir.

Frávik miðað við áætlan verkefnisins

Í umsókn var gert ráð fyrir að tilraunakennsla hæfist haustið 2011 en með frestun á gildistöku ákvæða um nýjar námskrár í framhaldsskólum til hausts 2015, skv. lögum um framhaldsskóla, seinkaði allri vinnu við námskrárgerð, m.a. útgáfu aðalnámskrár og vinnu við gerð hæfniviðmiða ráðuneytisins sem lágu til grundvallar. Því var ákveðið að fresta tilraunakennslu um að minnsta kosti eitt ár, þ.e. til hausts 2012 en þá reyndist of skammtur tími vera til undirbúnings kennslunnar, þ.e. frá samþykkt ráðuneytisins í maí 2012 til hausts. Tilraunakennslu var því slegið á frest til vorannar 2013 og í síðasta lagi hausannar 2013. Því hefur það mat á náminu sem gert er ráð fyrir í umsókn og gerð námsefnis eðlilega ekki farið fram en þróun áfanga, uppsetning þeirra í vefumsjónarkerfi og námsefnisgerð stendur yfir. Engar alvarlegar hindranir hafa eum sem komið er komið upp við vinnu verkefnisins ef frá er talin ofangreind frestun.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Vinna við námskráargerðina hefur eflt samvinnu og samstöðu kennara í deildinni og þekkingu þeirra á anda og áherslum hinnar nýju aðalnámskrár framhaldsskóla, s.s. áherslum um grunnþætti menntunar og lykilhæfni. Vinnan við námskráargerð á 4. þrepi mun í alla staði og ótvírætt nýtast við gerð brautar- og áfangalýsina á 1.– 3. þrepi sem nú fer í hönd.

Háskólinn í Reykjavík var meðumsækjandi um styrk úr Þróunarsjóði sl. vor til frekari undirbúnings á náminu og hlaut verkefnið veglegan styrk. Rektor HR hefur lýst sig fúsan að hefja viðræður um mögulegt samstarf skólanna.


Mat á verkefninu samkvæmt umsókn (áhrif á skólastarfið í heild)

Borgarholtsskóli er með fyrstu skólum til að nýta þá möguleika sem framhaldsskólalög nr. 92 frá 2008 opnuðu um nám á fjórða þrepi og fá námskrá á þessu þrepi samþykkt til tilraunakennslu. Slíkt er akkur fyrir skólann í heild. Ef vel tekst til mun námið efla stöðu skólans út á við.

Meðfylgjandi er afrakstur verkefnisins, þ.e. sú námskrá sem samþykkt var og liggur til grundvallar tilraunakennslu í margmiðlun á 4. þrepi 2013. Meðfylgjandi er jafnframt efnahagsreikningur og bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, þ.e. heimild til að prufukeyra námið.

Borgarholtsskóli þakkar Sprotasjóði fyrir veittan stuðning og mun, að loknu mati á náminu eftir tilraunakennslu fyrsta árið, senda sjóðnum skýrslu um niðurstöður mats á tilraunakennslu eins og gert var ráð fyrir í upphaflegri umsókn.

Reykjavík, 23. október 2012




Ari Halldórsson
verkefnisstjóri



Borgarholtsskóli
BHS

óskvæmt • náðmennt • slómennt



Bryndís Sigurjónsdóttir
skólameistari